

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 4. mars 2021

Umsögn frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum (þjóðferjuleiðir). 137. mál.

Stjórn Vestfjarðastofu sem fer með málefni Fjórðungssambands Vestfirðinga, leggur áherslu á að landsmenn allir, eigi aðgengi að heilsárssamgöngum og tengingu við þjóðvegakerfi landsins óháð búsetu. Á Vestfjörðum eru Flatey á Breiðafirði og Vigur í Ísafjarðardjúpi eyjar í byggð og benda verður á að Vigur er ekki nefnd sem slík frumvarpinu.

Stjórn Vestfjarðastofu vill síðan nota þetta tækifæri, til að benda umhverfis og samgöngunefnd Alþingis á að staða íbúa Árneshrepps er um margt sérstök varðandi tengingu við þjóðvegakerfið, líkt og bent er á í frumvarpinu varðandi stöðu íbúa á eyjum við Ísland

Um árábil hefur vetrarþjónusta Vegagerðarinnar miðast við svokallaða G reglu og er þá vegur norður í Árneshrepp ekki mokaður frá áramótum og til loka mars. Öll aðföng sem ekki tekst að birgja sig upp fyrir lokun vegarins og síðan öll ferskvara þurfa því að berast með áætluðum flugi, sem er tvisvar í viku. Kostnaður er margfaldur miðað við landflutninga og magn sem flytja má hverju sinni er mjög takmarkað.

Af nýlegum svörum stjórnvalda og Vegagerðar má ráða að ekki stendur til að breyta þessari ráðstöfun í vetrarþjónustu við íbúa Árneshrepps. Þannig eru íbúar Árneshrepps hluta vetrarins í þeirri stöðu að búa líkt og á eyju, en hafa í raun verri þjónustu í samanburði við íbúa á eyjum við Ísland.

f.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.